




Reykjavík, 11. ágúst 2026
USK25110359

Reynisvatn - kajak aðstaða, ósk um lóð - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2026 var lögð fram fyrirspurn Menningar- og íþróttasviðs og Útlífisborgarinnar um ósk um lóð við Reynisvatn fyrir kajak aðstöðu og aðra þjónustu tengda útikennslu og útivist.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Rammaskipulag Austurheiða



Tillaga að staðsetningu lóðar

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir svæðið við Reynisvatn borgarhluta 9, Grafarholt-Úlfarsárdalur.

Svæðið er skilgreint sem **OP18**:

„Reynisvatn. Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem er veitt á forsendum útivistar. Sjá nánar B2. Græna borgin.“

Reynisvatn er í hverfisvernd og stór hluti umhverfi þess **HV13**:

„Reynisvatn, Starmýri: Berggrunnur er nokkur hundruð þúsund ára gömul hraun og gömul misgengi og sprungur setja mikinn svip á svæðið. Fjölbreytt landslag er víða utan í holtunum. Þurrlendi með lyngmóum, graslendi og mosapembu er ríkjandi. Starmýri á milli Reynisvatns og Langavatns er heillegt og gróskumikið votlendi. Fuglalífið einkennist af mófuglum og verpa sumar tegundir, eins og spói, óvenjulega þétt á svæðinu.“

Rammaskipulag: Rammaskipulag Austurheiða var samþykkt af skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur 10. mars 2021, Reynisvatn og umhverfi þess er hluti af því. Samkvæmt rammaskipulaginu er gert ráð fyrir áningarstað og þar verði ein af aðal aðkomum að Austurheiðum. Aukin verður þjónusta s.s bætt við fleiri borðum og bekkjum, komið fyrir aðstöðu fyrir fuglaskoðun og útigrilli. Á uppdrætti er áningarstaður og bílastæði staðsett við vatnið.

Deiliskipulag/Hverfisskipulag: Hvorki deiliskipulag né hverfisskipulag er í gildi fyrir svæðið.



Reykjavík



Umsögn

Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ) samanstendur að Menningar-og íþróttasviði Reykjavíkurborgar og Útilífsborginni, miðstöðin er miðlæg þekkingarstöð á sviði útivistar og útináms fyrir skóla- og frístundastarf í Reykjavík. MÚÚ hefur tekið á móti hópum í kajak siglingar við Reynisvatn. Aðstöðuskortur fyrir þjónustu og geymslu á búnaði hefur takmarkað þá þjónustu sem boðið hefur verið upp á fyrir skóla-og frístundastarf á skipulegan og aðgengilegan hátt.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að úthluta Miðstöð útivistar og útináms um 500 m² lóð með allt að 100 m² byggingarreit á einni hæð innan lóðar norðan við Reynisvatn. Gert er ráð fyrir að bygging og lóð falli vel að landslaginu og sé í góðu samhengi við umhverfið með aðstöðu utandyra til dvalar. Gert er ráð fyrir að bygging muni rúma kajakgeymslu, annan búnað, skiptiaðstöðu, salerni og nestisaðstöðu.

Niðurstaða

- Skipulagsfulltrúi tekur jákvætt í fyrirspurn um lóð við Reynisvatni en til að það verði samþykkt er mikilvægt að deiliskipuleggja Reynisvatn og umhverfi þess í heild sinni til að skapa heildstæða sýn fyrir framtíðarnotkun svæðisins. Mikilvægt er að sú þjónusta sem verður staðsett við vatnið geti þjónustað fjölbreyttan hóp notenda sem notar svæðið til útivistar á mismunandi hátt.
- Í gangi er starfshópur um útivist á Austurheiðum þar sem skoðað er á heildstæðan hátt framtíðarsýn útivistar á Austurheiðum þar með töldu Reynisvatn og umhverfi þess. Þegar þeim starfshópi er lokið og niðurstöður komnar er hægt að taka málið aftur upp og skoða hvort tímabært sé að deiliskipuleggja svæðið.
- Notkun á og við vatnið til kajak siglinga og annarrar iðju skal vera í sátt við lífríki svæðisins. Hafa skal samráð við skrifstofu umhverfisstofu varðandi lífríki og verndun þess við og á Reynisvatn við gerð deiliskipulags og á framkvæmdatíma.
- Samkvæmt 5.3.2.14 gr. *Skipulag við vötn, ár og sjó*, í Skipulagsreglugerð 90/2013 skal tryggja eftirfarandi:

„Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Íris Reynisdóttir
verkefnastjóri